

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 259/2023

frá 27. október 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2468 frá 15. desember 2022 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er varðar viðurkenningu á eftirlitsaðilanum „IMOCERT Latinoamérica Ltda“ að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/186 frá 27. janúar 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er varðar viðurkenningu á tilteknum eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54bo (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2325) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 2468**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2468 frá 15. desember 2022 (Stjtið. ESB L 322, 16.12.2022, bls. 89),

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 322, 16.12.2022, bls. 89.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 26, 30.1.2023, bls. 17.

- **32023 R 0186:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/186 frá 27. janúar 2023 (Stj tíð. ESB L 26, 30.1.2023, bls. 17).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2022/2498 og (ESB) 2023/186, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.